

Fundargerð

Stjórnafundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn mánudaginn 28. mars 2011 kl. 13:00 á **Hótel Bláfelli, Breiðdalsvík.**

Mættir voru: Björn Ingimarsson, Gauti Jóhannesson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jón Þórðarson, Ólafur Sigurðsson, Páll Baldursson, Páll Björgvin Guðmundsson og Þorsteinn Steinsson. Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður.

Ólafur Sigurðsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn hófst með léttum hádegisverði í boði heimamanna. Síðan var gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Sparnaðaraðgerðir í skólarekstrinum.
 2. Tenging skólastiga.
 - 2.1. Leikskóla og grunnskóla.
 - 2.2. Grunnskóla og framhaldsskóla. Tenging við Austfirzka einingu.
 3. Tónskólar. Rekstur þeirra og stjórnun.
 4. Frekari samvinna á barnaverndar- og félagsþjónustusviði.
 5. Málefni fatlaðra.
 6. Önnur mál.
-
1. Fundarmenn fóru yfir og ræddu hvað hefur verið gert í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Flest sveitarfélög hafa þegar brugðist við og voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila í skólasamfélaginu, þ.e. starfsfólk, foreldra, kennarasamtökin o.fl. um aðgerðir.
 2. Fundarmenn ræddu mikilvægi samvinnu og samfellu milli skólastiga.
 - 2.1. Rætt hvernig tenging milli leik- og grunnskóla er háttað í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það virðist vera nokkuð misjafnt, allt frá því að vera frekar lítið upp í að vera verulegt og í föstum skorðum.
 - 2.2. Fundarmenn ræddu samstarf grunn- og framhaldsskóla á svæðinu. Fundarmenn lýstu áhyggjum sínum yfir því að of stór hópur nemenda sem er að ljúka grunnskóla leitar út fyrir svæðið í framhaldsskóla. Mjög þarft sé að auka samstarf milli skólastiganna og kynningar á framhaldsskólunum. Starfshópurinn „Austfirsk eining“ ætlar að hafa samband við framhaldsskólana og óska eftir samstarfi um að bregðast við þessari þróun. Einnig var rætt um möguleika á að nýta betur tækifæri sem felast í nýtingu fjárfundarbúnaðar í kennslu milli skóla og skólastiga.
 3. Rætt var um fyrirkomulag tónlistarkennslu hjá sveitarfélögum. Fyrirkomulagið er nokkuð mismunandi s.s. námsframboð og hvaða kröfur eru gerðar til nemenda um námsárangur. Fundarmenn sammála um að skoða frekari samvinnu þar sem það hentar, t.d. möguleika á að samnýta einstaka kennara til að auka fjölbreytni í kennslu og hagkvæmni í rekstri.
 4. Fundarmenn ræddu hugmyndir um frekari samvinnu eða samstarf milli félagsþjónustusvæðanna tveggja og hvort málaflokkarnir væru betur komnir í einni eða tveimur nefndum innan svæðanna, kosti og galla. Voru fundarmenn frekar sammála um að hafa barnaverndar- og félagsþjónustumál í sömu nefndinni en það þyrfti að skoða í framtíðinni hvort betra væri að eitt sameiginlegt svæði eða tvö eins og það er í dag. Sú umræða þyrfti líka að eiga sér stað hjá fagaðilunum sem eru að vinna í málaflokkunum.
 5. Farið var yfir stöðuna, hvernig hafi tekist til við yfirfærsluna og hvað þyrfti að bæta. Fram kom að þjónustusvæðin tvö hafa átt með sér gott samstarf, þar sem verkferlar og viðmið hafa verið unnin og samræmd eins og kost er. Nokkuð vantar þó upp á að upplýsingar frá Jöfnunarsjóði berist vegna fjármuna sem berst inn á svæðið. Jafnframt þarf að ganga frá útfærslu á 20% frá sveitarfélögum til byggðasamlagsins. Fundarmenn sammála um að Ólafur og Sigurbjörn skrifi Fjársýslunni bréf og óski eftir að hlut sveitarfélaganna verði skilað

beint til Skólaskrifstofunnar í gegnum Jöfnunarsjóðinn í stað þess að sveitarfélögin fái fjármunina til sín og þurfi síðan að skila þeim inn í byggðasamlagið. Jafnframt var ítrekað að svæðin héldu vel utan um breytingarkostnaðinn vegna yfirfærslunnar og sendi kröfu um endurgreiðslu sem fyrst.

6. Sigurbjörn lagði fram til kynningar svör Jöfnunarsjóðs við fyrirspurn Björns Þráins Þórðarsonar, framkv. stj. fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar, um breytingar á útreikningi almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla, einkum hvað varðar aldursafslátt og meðallaun skólastjórnenda, kennara og leiðbeinenda.

Sigurbjörn sagði frá endurnýjun á samningi HSA við Skólaskrifstofuna og félagsþjónustur Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar um starfrækslu iðjuþjálfunar á Austurlandi.

Þá voru fundarmenn upplýstir um styrkloforð til Skólaskrifstofunnar frá Velferðarráðuneytinu vegna barna með ADHD greiningar og um undirbúning endurmenntunarnámskeiða fyrir grunnskólakennara í ágúst. Fundarmenn minntir á fundi, ÖBÍ á Reyðarfirði og á Egilsstöðum 30. mars, námskeið fyrir skólanefndir á Egilsstöðum 29. apríl nk. Einnig voru fundarmennt minntir á þá skyldu að afla heimildar til upplýsingaöflunar úr sakaskrá vegna kennararáðninga sem eru framundan.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50

Sigurbjörn Marinósson, ritaði fundargerð.